

## Svar

### háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Elvu Dögg Sigurðardóttur um samfélagslega nýsköpun.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Eru einhver mælitæki nýtt til að mæla samfélagslega nýsköpun og framfarir í tengslum við hana á Íslandi?*
2. *Er hugtökin samfélagsleg nýsköpun og samfélagslegt frumkvöðlastarf að finna í markmiðasetningu ráðuneytisins eða nýsköpunarstefnu fyrir Ísland?*
3. *Hversu háa styrki hafa verkefni á sviði samfélagslegrar nýsköpunar hlotið undanfarin tíu ár? Hvert er hlutfall þeirra styrkja af heildarfjárhæð stuðnings til nýsköpunar?*

Hjá stofnunum og sjóðum á vegum háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis er unnið að ýmsum aðgerðum á sviði samfélagslegrar nýsköpunar og framfara í tengslum við hana. Í því efni má einnig vísa til gildandi fjármálaáætlunar og stefnu ráðherra um Árangur fyrir Ísland, sbr. þingsályktun nr. 812/154. Almenn er stuðst við þau mælitæki sem felast í skilgreiningu aðgerða til að ná skilgreindum markmiðum í samræmi við stefnur málefna sviða og málaflokka í fjármálaáætlun og fjárlögum. Ráðuneytið undirbýr birtingu á framgangi skilgreindra aðgerða í þessu sambandi í svonefndu mælaborði á vef ráðuneytisins. Þá birtir forsætisráðuneyti reglulega framgang aðgerða í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Í fjármálaáætlun er lýst mælikvörðum fyrir markmið á málefna sviði 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar. Undir málaflokki 07.10 Samkeppnissjóðir og alþjóðlegt samstarf er m.a. lýst mælikvörðum vegna markmiðs um hagnýtingu hugvits og nýskapandi lausna á brýnum samfélagslegum áskorunum:

- Opinn aðgangur að niðurstöðum rannsókna aukist úr 75% í 85% árið 2028.
- Veittum einkaleyfum fjölgi úr 18 í 32 árið 2028.
- Veittum styrkjum til lausna við samfélagslegum áskorunum aukist úr 2 milljörðum kr. í 2,4 milljarða kr.

Eftirfarandi mælikvörðum er lýst fyrir málaflokk 7.20 Nýsköpun, hugvitsiðnaður og samkeppnishæfni vegna markmiðs um aukna hagnýtingu tæknilausna í þágu samfélagslegra áskorana:

- Að hagnýting tæknilausna í þágu samfélagsáskorana aukist úr Y í Z árið 2028.
- Að dragi úr losun GHJL frá Íslandi úr 2730 í minna en 2500 árið 2028.

Í fjármálaáætlun er lýst mælikvörðum fyrir markmið á málefna sviði 21 Háskólastig. Undir málaflokki 21.1 Háskólar og rannsóknastarfsemi er m.a. lýst mælikvörðum vegna markmiðs um aukið samstarf háskóla í þágu gæða og samfélags:

- Fjölgun sameiginlegra námsleiða innlendra háskóla úr 8 í 20 árið 2028.
- Inntaka nemenda í háskólanám á grundvelli raunfærnimats aukist úr 34 í 120 árið 2028.
- Hlutfall brautskráðra nemenda í STEM-greinum og heilbrigðisvísindum aukist úr 18/16% í 22/20% árið 2028.

Af aðgerðum sem lýst er í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar sem falla undir samfélagslega nýsköpun má nefna eftirfarandi:

- Markáætlun um samfélagslegar áskoranir á sviði máltækni, umhverfismála- og sjálfbærni, tæknibreytinga á vinnumarkaði og heilbrigðisvísinda verður framhaldið allt kjörtímabilið.
- Efling rannsóknastarfs um land allt.
- Tryggt verði fjármagn til loftslagsverkefna og grænna lausna úr endurskilgreindum Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og Tækniþróunarsjóði.
- Haldið verður áfram að styðja við nýsköpun, m.a. með regluverki og umhverfi sem styður við stofnun og rekstur fyrirtækja, ekki síst í fámennari byggðum.
- Haldið verður áfram að styrkja uppbyggingu nýsköpunar á landsbyggðinni með Lóu – nýsköpunarstyrkjum.

Hugtökin samfélag og nýsköpun koma samtals um 135 sinnum fyrir í umfjöllun um málefna svið 7 og 21 í fjármálaáætlun en þar standa þau þó hvergi saman. Hugtakið samfélag er í þingsályktun nr. 812/154 notað í tengslum við samfélagslegar áskoranir og þekkingar-samfélag.

Svör við fyrirspurninni miðast við þær upplýsingar sem háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðuneytið hefur aðgang að í skjalasafni þess frá því að það tók til starfa 1. febrúar 2022, sbr. forsetaúrskurð um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, nr. 6/2022.

Sjóðir sem heyra undir ráðuneytið eru ekki flokkaðir eftir því hvort þeir veita styrki til samfélagslegrar nýsköpunar. Þó má færa rök fyrir því að samfélagsleg nýsköpun eigi við um styrki sem veitt er úr Fléttunni og Samstarfi háskóla, styrkveitingar úr Markáætlun á sviði vísinda og tækni um samfélagslegar áskoranir, styrki úr Tækniþróunarsjóði, styrki úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Hafa þarf þó í huga að flokkun styrkja er í mörgum tilvikum byggð á skilgreiningu umsækjenda styrks í styrkumsókn.

#### *Fléttan.*

Af hálfu ráðuneytisins hefur verið lögð áhersla á örvun nýsköpunar í heilbrigðiskerfinu með Fléttunni sem eru styrkir sem veittir eru til samstarfs nýsköpunarfyrirtækja og heilbrigðisstofnana fyrir vörur og þjónustu sem er til þess fallin að bæta þjónustu við sjúklinga, stytta biðlista og auka skilvirkni heilbrigðiskerfisins. Á árinu 2023 var 100 millj. kr. úthlutað úr Fléttunni. Styrkveitingin er háð því skilyrði að nýsköpunarfyrirtækin eigi í nánú samstarfi við stofnanir eða fyrirtæki í heilbrigðisþjónustu sem hefur skuldbundið sig til að innleiða þá nýsköpun sem styrkur er veittur til. Sérstök áhersla er lögð á stuðning við samstarf hins opinbera og einkaaðila um land allt.

#### *Yfirlit yfir styrkveitingar úr Fléttunni 2022 og 2023.*

Umsækjandi	Lýsing	Samstarfsaðili	Styrkur í kr.
Fleygiferð ehf.	Innleiðing Leviosa á Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	11.000.000
Mín líðan ehf.	Staðlaðar netmeðferðir við þunglyndi, kvíða, félagskvíða og lágu sjálfsmati inn á Heilsugæslur höfuðborgarsvæðisins	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	7.000.000
Gangverk ehf. – dala.care	Persónumiðuð umönnunaráætlun í heimaþjónustu ljósmæðra	Fæðingarheimili Reykjavíkur	8.000.000

Umsækjandi	Lýsing	Samstarfsaðili	Styrkur í kr.
Mobile Health	Hugræn atferlismeðferð við svefnleysi á heilsugæslu	Heilsugæslustöðvar	8.000.000
Sidekick Health	Stafrænn stuðningur við brjóstakrabba-meini	LSH og Ljósið	12.000.000
Tiro ehf.	Diktering á íslensku í heilbrigðis-kerfinu	Landspítali	8.000.000
Hrafnista, Hraunvangi	Smáforritið Iðunn	ORIGO	11.000.000
Kara Connect ehf.	Arðbær fjárfesting í velferð starfsmanna	Landspítali	6.300.000
DataLab Ísland	Hagnýting stafrænna gagna í starfsemi göngudeildar geðsviðs Landspítala	Landspítali	11.500.000
Medvit Health	Taugin – verkfæri við taugasálfræðimat á heilabilun og heilaskaða	Landspítali	8.000.000
Proency	Stafræn flokkun tilvísana og forgangsröðun í sálfræðipjónustu Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu: Eftirlit og rafrænn meðferðarstuðningur.	Geðheilsusvið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins	6.300.000
Ljósið	Innleiðing WHODAS matstækis fyrir skilvirkari og markvissari meðferðar-áætlanir	ORIGO	7.000.000
Skræða ehf.	Stafrænar fyrirlagnir mælitækja og matslista til greiningar og meðferðarmats á geð-, þroska- og hegðunar-röskunum	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	9.000.000
Sidekick Health	Fjarvöktun og fjarstuðningur við sjúklinga á hjartadeild Landspítala.	Landspítali	9.000.000
Einurð	Innleiðing IPS jafningjapjálfunar á Íslandi. Stuðningur – Þjálfun – Nýsköpun.	Landspítali, Hlutverkasetur, Íslenski ferðaklasinn, Lifekeys, IPS International	6.000.000
Nordverse Medical Solutions	Prescrib – Innleiðing öruggari meðferða ávanabindandi lyfja	Þjónustumiðstöð íslenskrar heilsugæslu, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Nordverse Medical Solutions	4.000.000
Fleygiferð ehf.	Innleiðing Leviosa á Reykjalundi	Reykjalundur	9.000.000
Kara Connect ehf.	Velferðartorg starfsmanna Landspítala	Landspítali	9.000.000
SVAI ehf.	Fækkun spítalasýkinga er verða með beinu snertismiti leyst með hátækni og gervigreindarhugbúnaði.	Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri	9.000.000
Dicino Medical Technologies	Fjöltyngt forskráningarkerfi: Hugbúnaður sem er fjöltyngt forskráningarkerfi sjúklinga við komu til lækni/heilsugæslu. Ný þjónusta við sjúklinga sem getur stýtt biðtíma, létt á starfsfólki og fækkað mistökum.	Heilsugæslan, Landlæknir, Dicino Medical Technologies	5.000.000
<b>Samtals</b>			<b>164.100.000</b>

#### Samstarf háskóla.

Frá hausti 2022 hefur í tvígang verið úthlutað styrkjum til háskóla og starfsaðila þeirra undir heitinu Samstarf háskóla sem miðar að því að auka gæði háskólanáms og samkeppnis-

hæfni háskólanna. Ráðherra úthlutaði nýlega styrkjum í Samstarfi háskóla til 35 verkefna styrk samanlagt fyrir tæplega 1,6 milljarða kr. Við styrkveitingu voru sex megináherslur að þessu sinni og bárust umsóknir í eftirtöldum flokkum.

Sameining háskóla – fimm umsóknir.

Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða til að auka gæði, hagkvæmni og skilvirkni – 14 umsóknir.

Lausnir við samfélagslegum áskorunum svo sem loftslagsmál, heilbrigðisþjónusta og gervigreind – 10 umsóknir.

Nýsköpun í háskólastarfi, svo sem með nútímalegri kennsluháttum, þverfaglegu námi og fjarnámi – 15 umsóknir.

Alþjóðleg sókn íslenskra háskóla og alþjóðavæðing – sex umsóknir.

Iðkun á þriðja hlutverki háskóla svo sem með áherslu á lýðræðislega umræðu – fimm umsóknir.

*Yfirlit yfir styrkveitingar úr samstarfi háskóla 2023 og 2024.*

Heiti verkefnis	Lykilorð	Upphæð í kr.
Sameinaður háskóli, Háskólans á Akureyri (HA) og Háskólans á Bifröst (HB)	Sameining háskóla	200.000.000
Rannsóknasjóður sameinaðs háskóla HA og HB	Sameining háskóla	250.000.000
Háskólasamstæða Háskóla Íslands (HÍ) og Háskólans á Hólum (HH)	Sameining háskóla	200.000.000
Vettvangsakademía á Hofstöðum í Mývatnssveit	Sameining háskóla	31.900.000
Ferðamálanám til framtíðar	Sameining háskóla	30.000.000
Þverfaglegt nám í sjálfbærri byggðafræði	Sameining háskóla	29.250.000
Nemendum auðveldað að stunda meistaranám við fleiri en einn háskóla	Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða	36.765.000
Þrívíddarprentun og sýndarveruleiki notaður til að bæta heilbrigðisþjónustu og auka öryggi sjúklunga	Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða	31.104.333
Efling samstarfs um nám í GIS og fjarkönnun	Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða	31.104.333
EduChain nýtt til að sannreyna alþjóðleg prófskírteini og auðvelda fólki með erlendar prófgráður þátttöku í íslensku samfélagi	Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða	28.800.000
Miðstöð stafræna hugvísinda og lista	Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða	25.600.000
GAGNÍS – fræðsla, aukin þjónusta og umfang	Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða	23.800.000
Rammasamningur HÍ og HR	Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða	19.800.000
SamLeið: Sameiginleg leiðbeinendapjálfun á Íslandi	Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða	10.000.000
Rafræn miðlun fræðandi efnis um jafnréttismál	Stjórnsýsla, stoðþjónusta og nýting innviða	3.800.000
Nám í ráðgjöf í málefnum fólks með heilabilun	Lausnir við samfélagslegum áskorunum	69.062.000
Sérfræðinámi í klínískri taugasálfræði	Lausnir við samfélagslegum áskorunum	40.200.000
Fagmál hjúkrunar (ICNP) til kennslu og rannsókna	Lausnir við samfélagslegum áskorunum	40.000.000

Heiti verkefnis	Lykilorð	Upphæð í kr.
Nýjar lausnir fyrir heilbrigðiskerfið	Lausnir við samfélagslegum áskorunum	35.100.000
Þróun kennslu, náms og val á nemendum í hjúkrun	Lausnir við samfélagslegum áskorunum	31.034.194
Klínísk málsýnagreining	Lausnir við samfélagslegum áskorunum	22.600.000
Efling klínískrar lyfjafræði á Akureyri	Lausnir við samfélagslegum áskorunum	17.780.000
Efling tæknináms á Norðurlandi: Tæknifræði Háskólans í Reykjavík í Háskólanum á Akureyri	Nýsköpun í háskólastarfi	57.490.000
Forskot Íslands í tölvusönnun	Nýsköpun í háskólastarfi	51.840.000
Innleiðing á raunfærimati til styttingar náms	Nýsköpun í háskólastarfi	40.000.000
Rannsóknánám í listum og listfræði	Nýsköpun í háskólastarfi	37.000.000
Örnám í framleiðslu í skapandi greinum	Nýsköpun í háskólastarfi	24.035.000
Sjálfbær landbúnaður og byggðaþróun: Meistaránám	Nýsköpun í háskólastarfi	18.000.000
Snjallræði	Nýsköpun í háskólastarfi	15.000.000
Fjölmiðla- og boðskiptánám á tímum upplýsingaóreiðu	Nýsköpun í háskólastarfi	10.859.000
Financial Economics Group – Iceland (FEGI)	Nýsköpun í háskólastarfi	6.650.000
Sókn og nýsköpun háskóla í evrópskum háskólanetum	Alþjóðleg sókn íslenskra háskóla og alþjóðavæðing	7.200.000
Forritunarkeppni háskólanna á Íslandi (FKHÍ) – ICPC	Alþjóðleg sókn íslenskra háskóla og alþjóðavæðing	4.800.000
Að innleiða bestu starfsvenjur í tengslum við taugafjölbreytileika (Establishing Neurodiversity Best Practices)	Iðkun á þriðja hlutverki háskóla	48.666.150
Inngilding í íslensku háskólasamfélagi	Iðkun á þriðja hlutverki háskóla	48.250.000
Inngildandi nám á háskólastigi	Iðkun á þriðja hlutverki háskóla	15.000.000
Fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum með nýjum færniþúðum	Fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum	165.000.000
Ugla þróuð til að bæta þjónustu við háskólanema	Stjórnsýsla og stoðþjónusta	102.000.000
Sameiginlegt átak í íslensku, m.a. með fjarnámi	Efling íslenskra háskóla á alþjóðlegum vettvangi, efling íslensku og máltækni, aukin gæði háskólanáms	100.000.000
Nýtt meistaránám í netöryggi	Nám óháð staðsetningu, fjölgun erlendra nema, STEAM-greinar, aukin gæði háskólanáms	90.000.000
Ný námsbraut fyrir kvikmynda- og tölvuleikjagerð	Efling íslenskra háskóla á alþjóðlegum vettvangi, nýting rannsóknarinnviða, sjálfbærni, nám óháð staðsetningu, fjölgun erlendra nemenda, STEAM, aukin gæði háskólanáms	64.000.000
Þverfaglegt meistaránám í heilbrigðislausnum og í svefni	Efling íslenskra háskóla á alþjóðlegum vettvangi, nýting rannsóknarinnviða, sjálfbærni, nám óháð staðsetningu, fjölgun erlendra nemenda, STEAM, aukin gæði háskólanáms	64.000.000

Heiti verkefnis	Lykilorð	Upphæð í kr.
Öflugt háskólanám í þágu fiskeldis	Efling íslenskra háskóla á alþjóðlegum vettvangi, nýting rannsóknarinnviða, sjálfbærni, nám óháð staðsetningu, STEAM-greinar, aukin gæði háskólanáms	58.000.000
Samstarf um nýtingu rannsóknarinnviða á Íslandi	Efling íslenskra háskóla á alþjóðlegum vettvangi, nýting rannsóknarinnviða	54.000.000
Undirbúningsnámsleið fyrir innflytjendur og flóttamenn á Íslandi	Fjölgun erlendra nemenda, aukin gæði háskólanáms	53.000.000
Fagmenntuðu leikskólastarfsfólki fjölgað og fjarnám eflt	Nám óháð staðsetningu, fjölgun nemenda í menntavísindum	48.000.000
Aukin starfsþróun háskólakennara til að auka gæði kennslu í stafrænu samfélagi	Aukin gæði háskólanáms	46.000.000
Nemendur geti tekið námskeið í meistaranámi við marga skóla samtímis	Nám óháð staðsetningu, samstarf við atvinnulíf, þverþjóðlegt samstarf	35.000.000
Öflugra tækninám á Norðurlandi		33.000.000
Ísland verði í forystu í framleiðslu nýrra próteina	Efling íslenskra háskóla á alþjóðlegum vettvangi, nýting rannsóknarinnviða, sjálfbærni	32.000.000
Nemendum í vísindum, tækni, verkfræði og stærðfræði fjölgað	STEAM-greinar	30.000.000
Gagnaþjónusta félagsvísinda eflid	Nýting rannsóknarinnviða	30.000.000
Samþætting og þróun IRIS (upplýsingagátt rannsókna)	Efling íslenskra háskóla á alþjóðlegum vettvangi, nýting rannsóknarinnviða, sjálfbærni	28.000.000
STEAM í Sögu	STEAM-greinar	28.000.000
Akademía íslenska hestsins	Fjölgun erlendra nemenda, aukin gæði háskólanáms	22.000.000
Efling náms og rannsókna á sviði menningar og skapandi greina	Sjálfbærni, efling íslensku og máltækni, nám óháð staðsetningu	21.000.000
Þverfaglegt nám í skipulagsfræði	Sjálfbærni, nám óháð staðsetningu, STEAM-greinar	21.000.000
Sameiginlegt meistaranám í heilsugæsluhjúkrun	Nám óháð staðsetningu, fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum, aukin gæði háskólanáms	9.000.000
Íþróttasálfræði á meistarastigi	Nám óháð staðsetningu, fjölgun nemenda í menntavísindum	8.000.000
Kennslufræði raungreina	Nám óháð staðsetningu	4.000.000
<b>Samtals</b>		<b>2.737.490.010</b>

- a. Markáætlun á sviði vísinda og tækni um samfélagslegar áskoranir styrkir verkefni í þremur flokkum verkefna: umhverfismál og sjálfbærni; heilsa og velferð; og líf og störf í heimi breytinga. Einungis hefur verið veitt einu sinni úr markáætlun um samfélagslegar áskoranir árið 2020, en þá var rúmunum 669 millj. kr. veitt til verkefna. Að neðan má sjá yfirlit yfir þau verkefni sem þá voru styrkt.

Heiti verkefnis	Lykilorð	Upphæð í kr.
Sjálfbært heilsusamlegt mataræði: Vísindi sem vegvísir í átt að sjálfbærri framtíð	Sjálfbærni, matvælaframleiðsla, kolefnisspor, næring, lífsferilsgreining, fæðuöryggi	80.133.000
Leit að lífmerkjum í heilamyndum fyrir snemmbúna greiningu á Parkinson plús sjúkdómum	Segulómun, heili, myndflokkun, lífmerki, parkinson plús, heilabilun, djúp tauganet	40.000.000

Heiti verkefnis	Lykilorð	Upphæð í kr.
Lóan: Dregið úr áleitnum endurminningum eftir áföll með hugrænu inngripi	Áföll, stutt inngríp, áfallastreituröskun, áleitnar minningar, geðheilbrigði, meðferð, aðgengi að meðferð	70.460.000
Endurheimt birkvistkerfa á 21. öld – áskoranir, leiðir og ávinningur	Líffræðileg fjölbreytni, kolefnisbinding, stjórnarhættir, landslag, vistvænar lausnir, haghafar, fagurferði	112.141.000
Bætt þjónusta við sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma með stafrænni nálgun	Stafrænar lausnir, smáforrit, hjartasjúkdómar, lífstilsmeðferð, fjarvöktun, meðferð	173.141.000
Sjálfbær staðbundin nýting hráefna í áburð – heildstæð nálgun að hringrásarhagkerfi	Hringrásarhagkerfi, áburður, lífrænt, sjálfbært, food security	162.405.000
Að rækta vistkerfi nýsköpunar í dreifðum byggðum	Vistkerfi nýsköpunar, byggðapróun, nýsköpun, landsbyggðir	30.898.000
<b>Samtals</b>		<b>669.178.000</b>

- b. Tækniþróunarsjóður styður þróunarstarf og rannsóknir sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Rannís hefur safnað gögnum um tengsl verkefna við Heimsmarkmið SP undanfarna þrjá umsóknarfresti. Umsækjendur hafa því hakað við allt að tvö heimsmarkmið í sínum umsóknum. Hér að neðan er yfirlit yfir styrkveitingar eftir einstökum heimsmarkmiðum. Þó er settur sá fyrirvari að þar sem umsækjendur geta hakað við allt að tvö heimsmarkmið þá er fjármagn tvítalið hér að neðan.

*Styrkveitingar eftir markmiði sem umsækjandi velur #1:*

Heimsmarkmið	Upphæð í kr.
1. Engin fátækt	20.000.000
2. Ekkert hungur	33.730.000
3. Heilsa og vellíðan	412.993.000
4. Menntun fyrir alla	120.000.000
5. Jafnrétti kynjanna	112.962.000
7. Sjálfbær orka	188.270.000
8. Góð atvinna og hagnættur	215.000.000
9. Nýsköpun og uppbygging	383.127.000
10. Aukinn jöfnuður	90.000.000
11. Sjálfbærar borgir og samfélög	35.000.000
12. Ábyrg neysla og framleiðsla	260.496.000
13. Aðgerðir í loftslagsmálum	213.977.000
14. Líf í vatni	30.000.000
16. Friður og réttlæti	50.000.000
17. Samvinna um markmiðin	50.000.000
<b>Samtals</b>	<b>2.215.555.000</b>

*Styrkveitingar eftir markmiði sem umsækjandi velur #2:*

<b>Heimsmarkmið</b>	<b>Upphæð í kr.</b>
2. Ekkert hungur	20.000.000
3. Heilsa og vellíðan	39.996.000
4. Menntun fyrir alla	50.000.000
5. Jafnrétti kynjanna	58.050.000
6. Hreint vatn og hreinlætisaðstaða	20.000.000
7. Sjálfbær orka	60.000.000
8. Góð atvinna og hagvöxtur	234.663.000
9. Nýsköpun og uppbygging	761.405.000
10. Aukinn jöfnuður	70.000.000
11. Sjálfbærar borgir og samfélög	58.980.000
12. Ábyrg neysla og framleiðsla	264.601.000
13. Aðgerðir í loftslagsmálum	266.892.000
14. Líf í vatni	55.000.000
15. Líf á landi	24.000.000
16. Friður og réttlæti	10.000.000
Ekkert valið	221.968.000
<b>Samtals</b>	<b>2.215.555.000</b>

- c. Nýsköpunarsjóður námsmanna veitir styrki til háskólanema í grunn- og meistaranámi og markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunnnámi og námi á meistarastigi við háskóla til sumarvinnu að rannsóknar- og þróunarverkefnum. Á árunum 2014–2023 hefur sjóðurinn veitt 1.871 millj. kr. til launa stúdenta sem vinna í sumarvinnu að rannsóknar- og þróunarverkefnum.

Málefni nýsköpunar voru áður vistuð í nýsköpunar- og iðnaðarráðuneyti. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti var stofnað 1. febrúar 2022. Upplýsingar liggja ekki fyrir í ráðuneytinu um flokkun styrkveitinga í fyrra ráðuneyti með tilliti til samfélagslegrar nýsköpunar. Af samanlögðum fjárheimildum í málaflokki 07.20 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar samkvæmt fjárlögum 2022 og 2023 er hlutdeild háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis 20,8 milljarðar kr. Á sama tímabili hefur Tækniþróunarsjóður úthlutað styrkjum fyrir 3,7 milljarða kr. sem skiptast m.a. í fyrrgreinda flokka samfélagslegrar nýsköpunar, sem samanlagt nema 2,2 milljörðum kr.